



Pú stóðst sem bjarg í straumi lífsins þungum,
með stilling æ úr vanda leystir þú.
Með góðum ráðum, gömlum jafnt sem unguum,
til gæfu lagðir marga trausta brú.

Nú börn og kona blessa minning þína,
og bliða og langa sambúð þakka hlýtt.
Þín ást og trygð þeim eins og sólir skína
til æfiloka gegnum blítt og strítt.

Ó, farðu vel til fegri og betri staða
í frið og sælu, hetjan trygg og djörf.
Á sorgarstundu gerir okkur glaða,
að guð þjer launar mörg og fögur störf.

Páll J. Árdal.




Hafliði Guðmundsson

hreppstjóri á Siglufirði

Fæddur 2. des. 1852

Dáinn 12. apríl 1917





I.

Er dauðans engill veifar vængjum dökkum
um voru bygð, og hreystin dvína fer,
þá sjáum vjer með sorg og huga klökkum,
hve sára-veikur eigin þróttur er.

Þá finst oss lífið ljós á skari brunnu,
sem leifturskin, er út í myrkrið fer;
þá finst oss lífið gull í gleri þunnu,
sem glatist þegar hýðið brostið er.

En svo er eigi. — Hjer þó æfin endi,
og alt sje horfið líkt og slokkið bál,
þá aldrei glatast guðs úr föðurhendi
þóð gullið dýra: mannsins helga sál.

Því hvernig ætti lífsins líf að týna
því lífi, sem það hjer á jörðu ól?
Og aldrei hættir himinsól að skína,
þó hverfi sjónum bak við jökulstól.

Nei, hlutverk lífsins verður stærra og stærra
og stefnir fram — í ljós og gleðibál;
og stig af stigi leitar hærra og hærra
að hjarta Drottins mannsins guðleg sál.

II.

Nú drúpir bær, er fækka varnarvígín,
sem vörðu hann með sæmd á hverri stund.
Nú drúpir bær, er höfðinginn er hniginn,
sem helsta stoðin var á marga lund.

Ó, elsku vin, þó sárt þín megum sakna,
í sorgartárum friðargeisli hlær,
því ótal marga minning finnum vakna,
sem mildu ljósi yfir harminn slær.

Pú varst svo góður, ljúfur, hreinn í hjarta,
í hverri raun þú sýndir gætni og dug.
Hver maður geymir minning þína bjarta,
já, minnist þín með ást og vinarhug.